

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Sæholt, Dalbær.

Deiliskipulagið tekur til um 25,4 ha landskika þar sem heimilt er að byggja upp bæjartorfu þar sem fyrst og fremst skal gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Byggingarreitir er 31.040 m² að stærð og þar er heimilt að byggja 600 m² íbúðarhús og 4.400 m² húsnæði tengt búrekstri. Heildarbyggingarmagn er heimilað samtals 5.000 m². Hámarksmanishæð er 10 m frá óhreyfðu landi og mænisstefna, þakhalli, form og gerð húsa eru frjáls. Samþykkt í sveitarstjórn 10. janúar 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. janúar 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2018